

Nd.

342. Nefndarálit

uin frumv. til laga um viðauka við lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni þótti frumv. þetta ekki vel samrýmanlegt við lögina um forkaupsrjett leiguliða, og tók því það ráð að breyta því og gera það að frumv. til sjerstakra laga um forkaupsrjett á sjálfsábúðarjörðum.

Þegar slík jörð er til sölu, er svo ákveðið, að sá, er faltar hana til kaups og ábúðar, hafi forkaupsrjettinn. Ef margir sækja um jörðina, situr sá fyrir kaupunum, sem seljandi kys helst fyrir ábúanda á henni. En ef sá eða þeir, er biðja um slíka jörð til ábúðar, treysta sjer ekki til eða vilja ekki kaupa, öðlast sveitarfjelagið forkaupsrjettinn. Er þá skylt að bjóða því jörðina til kaups. Vilji það ekki kaupa, öðlast landssjóður forkaupsrjettinn samkvæmt frumv. um forkaupsrjett landssjóðs, er samtímis þessu frumv. er nú afgreitt frá landbúnaðarnefndinni.

Ef bæði þessi frumv. verða að lögum, er girt fyrir það, að einstakir menn geti sölsað undir sig jarðir, er þeir þurfa ekki til ábúðar. Gróðabrásk með jarðir ætti þá hjer eftir að vera ómögulegt. Sömuleiðis ætti útlendir menn aðrir en þeir, er hjer setjast að til að verða íslenskir borgarar og ábúendur, að vera útilokaðir frá jarðakaupum hjer á landi. Er þá svo um búið, að Ísland verði fyrir Íslendinga, og land svo takmarkað handa hverjum einstökum, að hann hafi sem rikasta hvöt til að bæta það svo, að nægi honum, þótt hann færi út kvíarnar árlega. Flestar jarðir eru svo stórar, að hafa má á þeim góð tún, ef fje er fyrir hendi og dugnaður til að rækta jörðina.

Frumvarp þetta miðar því i rjetta átt og gæti orðið að miklu gagni, ef það næði fram að ganga. Mælir nefndin eindregið með því, að það sje samþykkt, eins og hún leggur til, að það verði.

Alþingi, 6. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson, Jón Jónsson,
formaður. skrifari.

Pjetur Þórðarson. Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.